

Samningur um notkun frístundastyrkja

Félagið/stofnunin/leiðbeinandi (hér eftir nefnt félag) Nafn félags. gerir hér með samning um að félagið geti tekið þátt í greiðslu frístundastyrkja frá sveitarfélaginu Norðurþings.

Um frístundastyrk

Upphæð frístundastyrks er ákveðin árlega með hliðsjón af fjárhagsáætlun Norðurþings. Nánari upplýsingar um reglur frístundastyrkja má finna á heimasíðu Norðurþings.

(<https://www.nordurthing.is/is/thjonusta/ithrottir-og-tomstundir/fristundakort>).

Hætti Norðurþing að greiða út frístundastyrki fellur samningur þessi úr gildi.

Skyldur félags

Félagið skuldbindur sig til að fara eftir þeim reglum sem gilda um frístundastyrki og má finna á vefsíðu Norðurþings.

Styrkirnir eru eingöngu greiddir út í gegnum rafræna greiðslugátt (NORA kerfi) og þarf félag að hafa tengilið innan sinna raða sem hefur kynnt sér kerfið. Tengiliður félag ber ábyrgð á að skrá inn námskeið sem félag heldur í kerfið.

Námskeið þarf að skrá inn í NORA svo iðkandi geti notað frístundastyrk uppí greiðslu námskeiðs. Námskeið getur verið önn í tónlistarskóla, tímabil í íþróttþjálfun eða önnur námskeið sem ná yfir styttri tímabil. Því þarf að skrá inn ný námskeið fyrir upphaf hverjar annar eða tímabils til að iðkandi geti nýtt greiðslur frístundastyrks.

Siðareglur félags og viðbragðsáætlanir

Félag skal skila inn sakavottorði hjá öllum ábyrgðaraðilum sem koma að starfi/þjálfun/kennslu eða öðrum samskiptum á námskeiði. Sé ekki farið eftir þessum ákvæði áskilur sveitarfélagið Norðurþing sér rétt til að greiða ekki út styrki til félagsins og fá endurgreitt allar þær greiðslur sem hafa runnið til félagsins.

Við undirritun samnings skulu liggja fyrir sakavottorð hjá öllum ábyrgðaraðilum. Framvegis skal ávalt fá sakavottorð þegar nýr ábyrgðaraðili tekur til starfa og Norðurþing getur ávalt kallað eftir upplýsingum um þessi mál.

Félag skal setja sér siðareglur og viðbragðsáætlanir um agabrot, einelti, kynferðisofbeldi og ofbeldi af hvaða tagi sem er. Sé félag ekki með slíkt regluverk innan sinna er mögulegt að taka upp

viðbragðsáætlun Æskulýðsvettvangsins sem nálgast má hér -

<https://aeskulydsvettvangurinn.is/sites/default/files/2018-01/Vi%C3%B0brag%C3%B0s%C3%A1%C3%A6tlun%20%C3%86V%202018%20-%202020%201%C3%BAtg.pdf>

Uppgjör Norðurþings við félag

Félag skal tilgreina hvenær uppgjör frá Norðurþingi á sér stað.

1.hvers mánaðar

að námskeiði loknu

annað _____

Gátlisti

Félag hefur skilað inn sakavottorði allra ábyrgðaraðila

Siðareglur og viðbragðsáætlanir

Félag hefur sett sér siðareglur og viðbragðsáætlanir.

Nánari upplýsingar má finna _____

Félag tekur upp viðbragðsáætlun æskulýðsvettvangsins og hyggst fara eftir þeim.

Um félag og tengilið félags

Tengiliður félags

Nafn tengiliðs.

Netfang

Netfang tengiliðs/netfang félags.

Bankanúmer félags

Bankanúmer félags sem Norðurþing greiðir inná.

Kennitala félags

Kennitala félags.

Fyrir hönd Norðurþings

Fyrir hönd félags